

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Kjósarhreppi árið 2020



1.gr.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Kjósarhreppi, sem þeir nýta sjálfir og eiga þar lögheimili, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4. mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar:

- Ellilífeyrisþegar 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
- Þeir sem eru úrskurðaður 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi. Framvísa þarf örorkuskírteini.
- Viðkomandi búi sannanlega í eigin húsnæði og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi á öldrunarstofnun og að íbúðarhúsnæðið sé ekki leigt út eða nýtt af skyldmönnum.
- Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

3.gr

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings eru sóttar vélrænt á vef ríkisskattstjóra í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar nema að viðkomandi hafi öðlast rétt til afsláttar eftir 30. júní á árinu á undan álagningu, skila þarf þá inn staðfestri skattskýrslu og staðfestingu á því að þiggja elli- eða örorkulífeyri.

4. gr

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs.

Tekjutengdur afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega 2020				
Afsláttur 2020	Einstaklingar		Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	5.484.758	0	7.008.313
75%	5.484.758	5.606.642	7.008.304	7.495.837
50%	5.606.643	5.728.525	7.495.838	7.984.464
25%	5.728.526	5.850.409	7.984.465	8.470.905
Afsláttur 2019	Einstaklingar		Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	5.258.637	0	6.719.370
75%	5.258.638	5.375.496	6.719.371	7.186.804
50%	5.375.497	5.492.354	7.186.805	7.655.287
25%	5.492.355	5.609.213	7.655.288	8.121.673